

Lög þessi öðlast þegar gildi.

7. gr.

Gjört í Reykjavík, 3. marz 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 42 14. apríl 1943, um dýrtíðarráðstafanir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við lögin bætist svo hljóðandi:

BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI.

1. Hækkun sú á verði landbúnaðarafurða eftir verðlagsvísitölu samkvæmt lögum um dýrtíðarráðstafanir frá 14. apríl 1943, sem ganga átti í gildi 15. sept. 1944, skal falla niður og verð landbúnaðarafurða á tímabilinu 15. sept. 1944 til jafnlengdar 1945 reiknast eftir vísitölu næsta tímabils á undan, sbr. þó 2. lið.
2. Verði hækkun á kaupgjaldi á tímabilinu 15. sept. 1944 til 15. sept. 1945, sem áhrif hefur á vísitölu landbúnaðarafurða eða vinnslu- og sölukostnað þeirra samkvæmt útreikningi hagstofunnar, skal verðlagið hækkað í samræmi við það. Breytingar þessar skal hagstofan reikna út fyrir lok tímabilsins, og skulu þær teknar til greina, þegar verðlagið er gert upp.
3. Ríkisstjórnin leggur fram fé úr ríkissjóði, eftir því sem með þarf, til þess að halda óbreyttu útsöluverði á landbúnaðarafurðum á innlendum markaði til 15. sept. 1945. Fjárframlag ríkissjóðs í þessu skyni greiðist mánaðarlega eftir áætlun og að öðru leyti á sama hátt og verið hefur.
4. Fyrir sama tímabil og til er tekið í 3. tölulið skal ríkisstjórnin kosta kapps um, að verðlagsvísitalan fari ekki yfir 272 stig, enda skal ríkisstjórninni heimilt að verja í því skyni fé úr ríkissjóði, eftir því sem með þarf.
5. Ríkisstjórnin greiðir verðuppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir á tímabilinu 15. sept. 1944 til jafnlengdar árið 1945, eftir því sem með þarf, til þess að framleiðendur fái verð fyrir þær samkvæmt 1. og 2. lið þessara laga. Ef vörur, sem framleiddar eru á framangreindu tímabili eða fyrr, eru eigi fluttar út á því ári, enda þótt þær séu tilbúnar til útflutnings, skulu þær verðbættar, þegar út eru fluttar, eins og gert mundi hafa verið á því ári, er þær voru framleiddar. Verðuppbæturnar greiðist útflytjendum, um leið og kaupendur borga vörurnar.
6. Bráðabirgðaákvæði þessi halda gildi sínu til 15. sept. 1945 þrátt fyrir ákvæði 3. málgr. 4. gr. laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 3. marz 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.